



## Upplýsingar um Árblik

### Um Árblik

Árblik er félagsheimili staðsett í Miðdölum í sveitarfélaginu Dalabyggð. Árblik sést frá vegi en beygja þarf út af þjóðvegi og fara um 200 metra til að koma að húsinu sjálfu. Árblik er í 100% eigu Dalabyggðar. Félagshimilið er með gilt starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands dagsett 15. september 2021.

Árblik hefur verið rekið í formi félagsheimilis allt frá víslu þess árið 1993 og þannig leigt út fyrir skemmtanir og viðburði af ýmsu tagi. Má þar nefna einkasamkvæmi, þorablót, fundi, námskeið og verkefni á borð við kvikmyndatökur.

Áður var einnig leyfilegt að gista í félagsheimilinu en undanfarin ár hefur það ekki staðið til boða, m.a. vegna þess að kröfur til eldvarnamála eru orðnar meiri og einnig að ekki hefur þótt vera sanngjarnt að sveitarfélagið sé í samkeppni við aðra rekstraraðila og ferðaþjóna á svæðinu.

Á jarðhæð hússins er að finna salerni, fatahengi, eldhús, stóran sal með sviði og geymslur. Í kjallara eru sturtur og salur - ber að athuga að kjallari verður ekki tilbúinn til afhendingar strax. Fyrir utan húsið er tjaldsvæði, um 2000m<sup>2</sup> og grenndarstöð sem ætluð er fyrir sorp frístudahúsa á svæðinu.

Félagshimilið hefur ekki verið auglýst sérstaklega til útleigu heldur aðeins staðið til boða ásamt þremur öðrum félagsheimilum á forræði Dalabyggðar. Þannig hafa bókaðar tekjur á Árblik á tímabilinu 2016-2020 verið 4.187.750 kr.- og átti það næst stærstu hlutdeild í bókuðum tekjum félagsheimila í Dalabyggð á tímabilinu.

Mesta notkun í Árbliki hefur verið fyrir fundarhöld yfir vetrartímann, annars fyrir viðburði og einkasamkvæmi yfir sumartímann. Við heimilið starfar húsvörður í 10% starfshlutfalli, sem hefur eftirlit með húsinu og frágangi við það eftir útleigu.

## Staða og þróun í ferðaþjónustu í Dölum

Mikil uppbygging er í gangi í sögutengdri ferðaþjónustu í Dölunum, má þar nefna Eiríksstaði, sem fjallar á lifandi hátt um líf á landnámsöld, mikla uppbyggingu og fornleifauppgröft í Ólafsdal, þar sem fyrirhuguð er talsverð ferðaþjónustutengd starfsemi og svo landafundasýninguna í Vínlandssetri.


Vestfjarðaleiðin er eins og áður segir ný ferðamannaleið um Vestfirði og Dalina sem opnaðist við opnun Dýrafjarðarganga í október 2020. Leiðin er um 950 km með einstökum áningarstöðum og upplifunum. Vestfjarðaleiðin er stutt frá Reykjavík og Akureyri og er því aðgengilegur og áhugaverður valkostur sem ferðaleið þar sem auðvelt er að kanna króka og kima svæðisins og upplifa óspillta náttúru og víðerni sem sífelld verður erfiðara að finna. Þessi nýja leið styður við eflingu svæðisins sem áfangastaðar og er samstarfsverkefni Vestfjarðastofu og Markaðsstofu Vesturlands. Dalabyggð og ýmsir ferðaþjónustuaðilar í sveitarfélaginu eiga í góðu samstarfi við Markaðsstofu Vesturlands/Áfangastaðastofu Vesturlands, m.a. um ýmsa menningartengda þjónustu, viðburði, markaðsmál, ferðakaupráðstefnur og aðra möguleika til kynningar.

Í Dölum eru ferðamálasamtök, en flestir aðilar á svæðinu reka fremur lítil fyrirtæki. Í Búðardal eru tveir veitingastaðir, Dalakot og Veiðistaðurinn. Þar er einnig handverkshópurinn Bolli með verslun sína. Gistiaðilar í Dölum eru tæplega 40, þar af eru stærstu gistiheimilin Vogur á Fellsströnd og á Laugum í Sælingsdal. Á Laugum hefur reksturinn verið leigður út, en þær eignir eru nú til sölu og engin ferðaþjónusta í rekstri á þessum tíma.

Hjá sveitarfélaginu starfar verkefnastjóri sem fer m.a. með ferðamál og sinnir samskiptum og ráðgjöf við þá aðila sem reka ferðatengda þjónustu í Dalabyggð.

Samkvæmt skýrslu RRF<sup>1</sup> um ferðamenn í Dalabyggð 2004-2018 fara um 296 þúsund erlendir ferðamenn um Dalabyggð á ári (m.v. tölur fyrir 2018) og má sjá mánaðarlegt yfirlit á myndinni hér fyrir neðan. Eins og myndin gefur til kynna er minna um erlenda ferðamenn yfir vetrarmánuðina en með starfsemi sem miðar að nýtingu Íslendinga yfir vetrartímamann má veða aðeins upp á móti þeirri lægð.

Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna sem fóru um Dalasýslu eftir mánuðum 2004, 2010 og 2014-2018



<sup>1</sup> Ferðamenn í Dalabyggð 2004-2018 - Rögnvaldur Guðmundsson, Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar.

## Hlutverk rekstraraðila

Rekstraraðili hefði nokkuð frjálsar hendur með framsetningu og áherslur í rekstri, þó er gerð krafa um að rekstur kalli ekki á óafturkræfar breytingar á húsnæðinu. Að öðru leyti er viðkomandi heimilt að selja þá þjónustu sem hann telur þjóna tilgangi og ímynd Árbliks.

Þá bæri rekstraraðila að sjá um allt umhverfi, slátt og almenn þrif og sorpmál. Jafnframt skal rekstraraðili sjá til þess að koma upplýsingum um meiriháttar viðhaldspörf á lóð og húseignum til sveitarfélagsins. Rekstraraðili skal sjá um allt daglegt og minniháttar viðhald.

Rekstraraðili sér alfarið sjálfur um samskipti við viðskiptavini, starfsmannamál og allt annað sem við kemur rekstri hans í Árbliki. Hann ber kostnað af almennum rekstri, markaðssetningu, síma, nettengingu, vöktun húsnæðis, rafmagni og húshitun.

Rekstraraðili sér um að skrásetja gestafjölda yfir árið, sem og þjóðerni og ber að skila þeim upplýsingum ef kallað er eftir þeim.

Rekstraraðili skal funda tvisvar á ári með atvinnumálanefnd Dalabyggðar, varðandi reksturinn og skila skýrslu árlega með uppgjöri rekstrar, sem afgjald byggir á. Skal því skila eigi síðar en í febrúar fyrir undangengið ár.

Rekstraraðili sér um og ber ábyrgð á að öll sú starfsemi sem fer fram á Árbliki hafi tilskilin leyfi og sé háttað samkvæmt lögum.

Árblik yrði leigt út með þeim búnaði og húsgögnum sem verða tiltekin í fylgiskjali með samningi við rekstraraðila. Krafa er gerð um að búnaði og húsgögnum sé skilað í sama ástandi og við upphaf leigusamnings.

Ímynd staðarins á að vera þannig að sómi sé af og mikilvægt er að hafa þetta í huga þegar stefna er tekin varðandi rekstur og þjónustu í Árbliki.

Þá er stefnt að því að reksturinn í Árbliki verði starfandi allt árið og skerðingu á opnunartíma haldið í lágmarki til að hefð skapist fyrir opnun og að gestir geti gengið að því vísu að nálgast það sem er þar í boði á ferð sinni.

Lögum samkvæmt skulu öll fyrirtæki í ferðaþjónustu gera öryggisáætlun fyrir fyrirtækið frá og með áramótum 2019. Leiðbeiningar fyrir gerð öryggisáætlana eru á síðu Ferðamálastofu og ber rekstraraðili ábyrgð á að áætlun sé til staðar ef reksturinn er þessi eðlis, allt frá upphafi reksturs í Árbliki.

## Hlutverk Dalabyggðar

Ganga þarf til samninga um leiguverð/afgjöld til Dalabyggðar eftir því hvers eðlis tilvonandi rekstur er.

Dalabyggð sér til þess að húsakosti og lóð sé vel við haldið, sé samkvæmt kröfum um hollustuhætti, öryggisreglur og aðgengi. Dalabyggð greiðir fasteignargjöld af félagsheimilinu.

Dalabyggð stefnir að því að bera ekki kostnað af þeim rekstri sem myndast í Árbliki.

Samið er til 3 ára, með möguleika á framlengingu tvisvar sinnum í 1 ár hvert sinn.